



FÉLAG NÁMS-&  
STARFSRÁÐGJAFNA

# AÐALFUNDUR

## ÁRSSKÝRSLA OG REKSTRARYFIRLIT

Haldinn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

2. apríl 2004

# Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 2. apríl 2004

Dagskrá aðalfundar er skv 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndastörf
6. Umræður og afgangsmála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Hamri, sal Kennaraháskóla Íslands 4. apríl 2003. Á fundinum gaf formaður félagsins kost á sér til endurkjörs auk tveggja stjórnarmeðlima og beggja varamanna. Fræðslunefnd gaf öll kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Svandís Ingimundar, Tækniháskóla Íslands, formaður  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, Mími símenntun, meðstjórnandi  
Hrafnhildur Tómasdóttir, Mentor, varaformaður  
Hrönn Baldursdóttir, Fellaskóla, ritari  
Inga Þóra Ingadóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, gjaldkeri

Guðrún Snorradóttir í Lindaskóla og Arnar Þorsteinsson í Ölduselsskóla gáfu kost á sér til endurkjörs í varastjórn.

Í fræðslunefnd voru Magnea Ingólfssdóttir í Menntaskólanum í Kópavogi, Guðrún Kristinsdóttir í Ártússkóla og Fjóra María Lárusdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Endurskoðendur voru kosnir Þórarinn Þórarinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gengu Ragnheiður Bóasdóttir og María Dóra Björnsdóttir. Stjórn FNS þakkar þeim kærlega fyrir vel unnin stjórnarstörf.

## Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt; Hrafnhildur Tómasdóttir, varaformaður, Inga Þóra Ingadóttir, gjaldkeri, Hrönn Baldursdóttir, ritari og Gunnlaug Hartmannsdóttir meðstjórnandi. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd var boðuð á alla stjórnarfundum og varastjórn hvött til að sækja þá einnig. Gestir sem boðaðir voru á stjórnarfundum voru Anna Sigurðardóttir, norrænn tengiliður FNS, Ragnheiður Bóasdóttir og Sigrún Ágústsdóttir vegna kröfugerðar fyrir næstu samninga KÍ, Bjarni Kristjánsson v/Evrópumiðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf, Sigríður Birna Bragadóttir, náms-, starfs- og félagsráðgjafi í Árbæjarskóla vegna samstarfsvettvangs þessara stétta og ásókn félagsráðgjafa í störf náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu

**Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:**

- Siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
- Mótun starfsreglna fyrir náms- og starfsráðgjafa með hliðsjón af nýlegum lögum um upplýsingaskyldu og persónuvernd
- Álitsgerð FNS um Skýrslu Menntamálaráðuneytis um styttingu námstíma til stúdentsprófs
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
  - Námstefna 2004
  - Heimasíða FNS
- Kjara- og hagsmunamál (fulltrúar)
- Félagatal og félagsaðild FNS tekin til endurskoðunar (starfshópur)
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
- Samræmt skráningarkerfi fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
- Samstarf Samtaka iðnaðarins og FNS v/Íðunnar (idan.is) (starfshópur)
- Styrkir til FNS
- Norrænt/alþjóðlegt samstarf – (fulltrúi)
- Spurningalisti - European Study into Quality Guidelines for Career Guidance (starfshópur)
- Veiting umsagna til menntamálaráðuneytisins vegna styrkbeiðna til útgáfu námsefnis í lífsleikni á framhaldsskólastigi
- Eftirfylgd og ítrekun fyrri beiðni til menntamálaráðuneytis um lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
- Eftirfylgd og ítrekun endurskoðunar reglugerðar nr. 5/2001 um starfslið framhaldsskóla sem kveður á um kennslureynslu/-réttindi náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi
- Ýmsar bréfaskriftir, samstarf og önnur minni verkefni.

Félagsmenn FNS hafa brugðist vel við beiðnum stjórnar um þátttöku í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins:

Guðrún Snorradóttir, Lindaskóla, situr í stjórn og samninganefnd FG

Björg Kristjánsdóttir, í skólamálanefnd FF

Lena Rist, Borgaskóla, í skólamálanefnd FG

Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, situr í skólamálaráði KÍ

Sigrún Ágústsdóttir, Réttarholtsskóla, í samninganefnd FG

Toby Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ

Valborg Baldvinsdóttir, Snælandsskóla, í uppstillingarnefnd KÍ

Ágústa E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla er fulltrúi FNS í nefnd Landlæknisembættisins um varnir gegn sjálfsvígum

Hrafnhildur Tómasdóttir, Mentor, er í samráðshópi Menntar, FNS og Evrópumíðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf um rafræna ráðgjöf og miðstöð ráðgjafar í náms- og starfsráðgjöf fyrir almenning.

Gunnlaug Hartmannsdóttir hjá Mími símenntun, er í vinnuhópi sem stýrt er af Mennt, og fjallar um þróun vottunarkerfis fyrir fræðsluáðila utan hins formlega skólakerfis. Verkefnið er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins

Fulltrúi FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa er:

Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands. Guðrún Stefánsdóttir hefur einnig sinnt þessu starfi undanfarin ár en dró sig til hlés í fyrra. Skýrsla Önnu um norrænt samstarf hluti ársskýrslu FNS.

Hér á eftir verður fjallað um hvern þátt fyrir sig og þá vinnuhópa eða einstaklinga sem störfuðu að þessum viðfangsefnum og fleirum. Aldrei verður hægt að gera öllu starfi tæmandi skil en það er von formanns að engu verði ofaukið né neitt undanskilið af öflugu starfi í Félagi náms- og starfsráðgjafa á liðnu starfsári.

**Siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur**

*Greinargerð nefndar um siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa.*

Líkt og starfsárið á undan sátu Toby S. Herman, Jónína Kárdal og Arnar Þorsteinsson í nefnd um siðareglur starfsárið 2003-2004. Í ljósi niðurstöðu fyrra árs um mikilvægi þess að siðareglur náms- og starfsráðgjafa spretti úr frjórri umræðu félagsmanna var í febrúar boðað til málstofu um efnið þar sem fulltrúi Siðfræðistofnunar Háskólans, Salvör Nordal, flutti erindi og svaraði fyrirspurnum.

Þar kom meðal annars fram að ekki mætti vanmeta þann undirbúningstíma sem ganga þarf í gegnum áður en siðareglur líta dagsins ljós enda sé sú umræða ekki síður mikilvæg en siðareglurnar sjálfar. Á málstofunni var komið að margvíslegum álitamálum og enginn vafi á mikilvægi þess að áframhaldandi umræða fari fram meðal félagsmanna.

Nefndin sem nú skilar af sér hefur gert áætlun um áframhaldandi vinnu og leggur til að á næst ári verði áherslan á almenna umræðu með hliðsjón af spurningum sem vöknudú í fyrirlestri Salvarar enda mörgu ósvarað.

Á undanförunum árum hafa nefndir starfað innan félagsins að því að leggja grunn að siðareglum náms- og starfsráðgjafa. Starfandi nefnd hefur nýtt sér þá vinnu. Til þess að sú vinna glattist ekki frá einni nefnd til þeirrar næstu teljum við mikilvægt að til verði í lögum félagsins ákvæði um siðanefnd. Tillaga nefndarinnar er að í lögum félagsins verði sérstaklega tekið fram að sérstök siðanefnd skuli starfa og hafa að meginmarkmiði að skipuleggja og halda utan um umræðu um siðareglur náms- og starfsráðgjafa .

Eins og fram kom í máli Salvarar eru helstu rök með því að setja sérstakar siðareglur þau að brýna fyrir fólki hverjar skyldur þess séu, miðla uppsafnaðri reynslu og auka samheldni stéttarinnar. Einnig til að jafna ágreining og skera úr deilum auk þess sem siðareglur geta verið opinber mælikvarði á hvernig störfín skuli metin. Vonandi tekst okkur að halda umræðu um siðareglur náms- og starfsráðgjafa vakandi og vinna að þessum markmiðum um ókomna tíð.

Tillaga að lagabreytingu sem starfshópurinn mun leggja til á aðalfundi 2004: „Í félaginu skal starfa siðanefnd sem hafi það hlutverk að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafa. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum þar af einum úr stjórn félagsins.“

### **Mótun starfsreglna fyrir náms- og starfsráðgjafa- starfshópur**

Settur var á fót starfshópur til að fjalla um og móta starfsreglur fyrir FNS í kjölfar fyrirlesturs Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðings Persónuverndar, á fræðslufundi 10. nóv. s.l. Hann snerist um persónuvernd og upplýsingaskyldu með hliðsjón af skráningum náms- og starfsráðgjafa á viðtölum við ráðþega. Elsa hafði kynnt sér leiðbeiningar sem fylgdu Námsráðgjafanum, nýju skráningarforriti sem þó nokkrir skólar eru farnir að vinna með, og vitnaði m.a. til hans í erindi sínu

Það dylst engum að tilkoma laga um persónuvernd og upplýsingaskyldu fól í sér áherslubreytingar varðandi meðferð og skráningu persónuupplýsinga er hafa bein áhrif á starfshætti okkar. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að laga sig að breyttu umhverfi og niðurstæða fræðslufundarins með Elsu var í fáum orðum þessi:

1. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að móta sér skýrar starfsreglur hvað varðar skráningar viðtala og meðferð þeirra upplýsinga í samstarfi við menntamálaráðuneytið, löglærða aðila, námsbraut í námsráðgjöf og hugsanlega fleiri, sem málið getur varðað.
2. Tilgangur skráninga þarf að vera ljós.
3. Skilgreina þarf fræðsluskyldu gagnvart viðmælanda. Honum þarf að vera ljóst að skráning fer fram og í hvaða tilgangi. Jafnframt þarf að fræða um hvenær náms- og starfsráðgjafa beri að tilkynna/upplýsa 3ja aðila um innihald viðtals.
4. Ljóst þarf að vera að náms- og starfsráðgjafinn sjálfur er ábyrgðaraðili upplýsinganna en ekki stjórnandi stofnunarinnar
5. Starfsreglur skulu kveða á um hversu lengi geyma á upplýsingar og hvað verður um þær t.d. við útskrift nemanda úr skóla. Taka þarf fram ef eyða á viðtalsgögnum.
6. Náms- og starfsráðgjafar vinna m.a. á grundvelli laga, reglugerða og námskráa um grunn- og framhaldsskóla sem grundvalla starfsemi hans

7. Veita þarf upplýsingar, t.d. á heimasíðu skóla, um starf náms- og starfsráðgjafa, starfshætti, hvers konar upplýsingar er unnið með og hver réttur nemenda, foreldra/forráðamanna er gagnvart þeim.
8. Heimildir til skráninga og frekari vinnslu með viðtalsgögn þarf að tryggja
9. Varðandi vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þarf upplýst samþykki viðkomandi og lagaheimild. Vinnsla tekur m.a. til miðlunar upplýsinga milli skóla og heilsugæslu.
10. Tryggja þarf öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga. T.d. er mikilvægt að tölva náms- og starfsráðgjafa sé ekki nettengd og gögn hans tryggilega varin.
11. Skoða þarf hvort viðtalskráning náms- og starfsráðgjafa sé skilaskyld til Þjóðskjalasafns sbr. gögn Lestrarmiðstövarinnar sálugu.

Ljóst er að við eigum talsvert verk fyrir höndum og verður leitað umsagnar og aðstoðar hjá Persónuvernd og jafnvel Siðfræðistofnun, en siðareglur bar talsvert á góma í þessu samhengi. Í starfshópnum eru Gísli Baldvinsson, Akureyri, Sigrún Harðardóttir, Egilsstöðum, Sigríður H. Jónsdóttir, Svandís Ingimundar og Valborg Oddsdóttir, Reykjavík. Formlegur fundur hefur verið einn en samskipti þess utan m/tölvupósti. Send hefur verið út könnun frá hópnum á fns-ið þar sem félagsmenn eru beðnir að gera grein fyrir skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra á eigin vinnustað. Ágætisheimitur hafa verið á svörum og er félagsmönnum þökkud þátttakan

### **Álitsgerð FNS um Skýrslu Menntamálaráðuneytis um styttingu námstíma til stúdentsprófs- starfshópur**

Félag náms- og starfsráðgjafa tók þátt í umræðunni í kjölfar skýrslu Menntamálaráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Ítarleg álitsgerð var samin þar sem fjallað var um einstaka þætti og áherslur skýrslunnar og gagnrýni sett fram frá sjónarhóli náms- og starfsráðgjafa. (sjá fylgiskjal 1) Álitsgerð FNS var send Menntamálaráðuneytinu, Kennarasambandi Íslands og Bandalagi Háskólanna og tengd Menntagátt – umræðutorgi. Auk þess var send ályktun til fjölmiðla. Álitsgerðin er aðgengileg inni á heimasíðu KÍ og verður einnig á heimasíðu FNS innan skamms. Ragnheiður Bóasdóttir, Þórdís Guðmundsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Svandís Ingimundardóttir unnu álitsgerðina.

### **Fræðslunefnd**

Fræðslunefnd FNS skipa þær Fjóla María Lárusdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Magnea Ingólfsdóttir. Um starfssvið fræðslunefndar segir í 12. grein laga FNS:

“Fræðslunefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hún er skipuð þremur félagsmönnum. Starfssvið hennar er að sjá um heimasíðu FNS auk þess að vinna að fræðslu- og endurmenntunarmálum í samráði við stjórn félagsins.”

*Námstefna FNS* þetta árið **Making a Bigger Difference** var haldin í samstarfi við Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf og fór fram á Grand Hótel í Reykjavík dagana 12. og 13. mars. Fjóla María Lárusdóttir í fræðslunefnd ásamt Bjarna Kristjánssyni á Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf, Önnu Sigurðardóttur í KHÍ, Hrafnhildi Tómasdóttur og Svandísi Ingimundar úr stjórn FNS sáu um skipulag og undirbúning. Aðalfyrirlesari var Lynne Bezanson, framkvæmdastjóri Canadian Career Development Foundation og meðlimur The National Steering Committee for the Canadian Standards and Guidelines for Career Practitioners. Sannast sagna sló hún í gegn með efni því sem hún bauð námstefnugestum upp á. Teknar voru til umfjöllunar grundvallarspurningar um fagímynd náms- og starfsráðgjafa, hver við erum, hvar við erum stödd, hvert við viljum stefna og hvernig við ætlum að komast þangað. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að skilgreina eigin færniþætti í starfi, gæði þjónustunnar og faglega og persónulega hæfni Þá lagði Lynne jafnframt ríka áherslu á að FNS þyrfti að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við opinbera stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Starfshópur var myndaður á námstefnunni sem sjá mun til þess að áframhald verði á þeirri vinnu sem þar upphófst. Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, lektor í námsráðgjöf við Háskóla Íslands, sem nýverið varði doktorsritgerð við University of Hertfordshire, Englandi í náms- og starfsráðgjafarfræðum, flutti lokaerindi námstefnunnar og fjallaði um hvernig rannsóknir auka gæði í náms- og starfsráðgjöf. Féll erindi Guðbjargar mjög vel að því efni sem námstefnan snerist um.

Eftirfarandi fræðslufundi skipulagði fræðslunefnd FNS á liðnu starfsári:

- 1) 28. apríl 2003: Kynning á Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar: Bjarni Kristjánsson, verkefnisstjóri. Kynnt var þátttaka Íslands í samstarfsverkefnum á vegum ESB og sýnd sameiginleg heimasíða allra evrópskra samstarfsverkefna sem Ísland er aðili að. Bjarni kynnti starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar og sagði frá nokkrum verkefnum sem Evrópumiðstöðin hefur tekið þátt í nýverið. Þá sagði Bjarni frá Ploteusi en það er nýr gagnabanki sem Euroguidance samstarfsnetið starfrækir að frumkvæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um nám á háskólastigi í allri álfunni.
- 2) 5. september 2003: Kynning á sjálfstyrkingarefni:
  - a. Guðbjörg Thoroddsen kynnti námskeið sem hún nefnir Baujan; Tilfinninganámskeið, sjálfstyrking. Markmið námskeiðsins er: a) að þátttakendur læri undirstöðuatriði í tilfinningavinnu til sjálfshjálpar og séu þar af leiðandi færari um að stjórna liðan sinni, hegðun og aðstæðum og b) að þátttakendur eigi auðveldara með að setja sig í spor annarra.
  - b. Magni Hjálmarsson kynnti Uppbyggingarstefnuna sem byggist á hugmyndum Diane Gossen um sjálfsgaga og sjálfstjórn.
- 3) 19. september 2003: Stefnunót - Kynning á lokaverkefnum nema í námsráðgjöf við H.Í. Kynnt voru tvö lokaverkefni náms- og starfsráðgjafa:
  - a. Ásdís Schram, Eyrún Valsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir kynntu lokaverkefni sitt frá 2003: Flokkun íslenskra starfslýsinga eftir kenningum Hollands. Sif Einarsdóttir fjallaði einnig um hvernig lokaverkefnið nýtist í rannsókn sem hún er að gera.
  - b. Bryndís Helgadóttir, Sigríður Birna Bragadóttir og Sigurbjörg Kristjánsdóttir kynntu lokaverkefni sitt frá 2002: Staða, starf og stefna náms- og starfsráðgjafa. Könnun meðal útskrifaðra námsráðgjafa frá Háskóla Íslands.
- 4) 17. október 2003: Athöfn úr djúpi sálar. Dr. Trausti Ólafsson kynnti hugmyndir og aðferðir rúmensk-bandaríska geðlæknisins Jacob Levy Moreno um geðmeðferð og sjálfsrækt.
- 5) 10. nóvember 2003: Upplýsingaskylda og persónuvernd vegna skráninga námsráðgjafa á viðtölum við ráðþega. Elsa S. Þorkelsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd. Fyrirlestur Elsu fjallaði um persónuvernd og upplýsingaskyldu með hliðsjón af skráningum náms- og starfsráðgjafa á viðtölum við ráðþega.
- 6) 5. desember 2003: Jólafundur FNS:
  - a. Þráinn Bertelson kynnti og las upp úr nýútkominni bók sinni: *Einhvers konar ég*. Umræður og fyrirspurnir á eftir.
  - b. Ragnheiður Gröndal söng nokkur lög við píanóundirleik.
- 7) 23. janúar 2004: Heimsókn í Hringsjá – starfsþjálfun fatlaðra þar sem Marín Jónasdóttir náms- og starfsráðgjafi fræddi félagsmenn um starfsemina og svaraði fyrirspurnum.
- 8) 9. febrúar 2004: Dr. Sölvína Konráðs fjallaði um þá umgjörð sem ráðgjafinn starfar í: Hvað er náms- og starfsráðgjöf? Hverjir nýta sér náms- og starfsráðgjöf? Hvernig fer náms- og starfsráðgjöf fram?
- 9) 1. mars 2004: Dr. Guðbjörg Vilhjálmstöddóttir flutti erindið Mat á mismunandi aðferðum í náms- og starfsfræðslu og sagði frá helstu niðurstöðum rannsókna sinna í tengslum við doktorsverkefni sitt. Einnig kynnti Guðbjörg MA-nám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ sem boðið verður upp á í fyrsta skipti haustið 2004.

*Heimasíða FNS.* Langþráð takmark náðist á dögnum er heimasíða FNS leit dagsins ljós eftir langa og stranga meðgöngu. Guðrún Kristinsdóttir í fræðslunefnd, hafði yfirumsjón með verkefninu og hefur verið vakin og sofin yfir innsetningu efnis og skipulagningu. Færi ég henni mínar bestu þakkir fyrir hönd okkar allra. Það var að lokum fyrirtækið Design Europe ehf. sem lauk við gerð heimasíðunnar

Svo heimasíðan uppfylli þá kröfu að vera sívirkur miðill og hjálpargagn í faglegu starfi okkar verða félagsmenn að vera virkir í notkun hennar og duglegir við að koma með tillögur að betrubótum, fleiri tenglum á áhugaverðar síður, senda inn fréttir úr starfi sínu, fréttir af áhugaverðum námskeiðum og ráðstefnum og hverju því sem eflt getur starfsemi FNS. Fræðslunefnd hefur umsjón með síðunni. Ákveðið var að hafa póstlista félagsmanna ekki aðgengilegan á heimasíðunni enda

félagsmanna sjálfra að taka ákvörðun um slíkt. Póstlistinn verður því áfram aðeins ætlaður félagsmönnum. Undirrituð leggur að sjálfsögðu til að félagsmenn geri heimasíðu FNS að upphafssíðu sinni.

### **Kjara- og hagsmunamál – fulltrúar**

Kjarasamningar náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum eru lausir á þessu ári og eru fulltrúar FNS kjaranefndum í FG og FF teknir til starfa. Sigrún Ágústsdóttir, Réttarholtsskóla og Guðrún Snorradóttir, sem situr í stjórn FG, eru báðar í samninganefnd FG. Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ er tengiliður FNS við kjaranefnd FF en jafnframt munu þær Sigríður Bílddal í Holtaskóla og Björg Kristjánsdóttir í MH verða henni innan handar þegar málefni náms- og starfsráðgjafa í FF verða til umræðu.

Ragnheiður Bóasdóttir hefur setið fundi frá áramótum, þó nefndin hafi tekið til starfa á haustmánuðum. Undirbúningur fyrir komandi kjarasamningagerð er í fullum gangi þó ekki sé búið að leggja fram sérstaka kröfugerð fyrir náms- og starfsráðgjafa. Ragnheiður gerði könnun á kjörum og gengi við samningagerð námsráðgjafa og skólameistara s.l. vor og aftur s.l. haust, meðal námsráðgjafa í framhaldsskólum. Svörun var einungis um 50%, sem þó verður notuð sem grundvöllur til að byggja komandi kröfugerð á.

Í febrúar s.l. var gert opinbert plagg frá KÍ sem ber yfirheitið “Sameiginlega sjónarmið aðildarféлага Kennarasambands Íslands í kjarasamningum 2004”. Ánægjulegt er að sjá að þar eru áherslur sem snúa sérstaklega að náms- og starfsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum. Má þar nefna lögverndun starfsheitis, aðgang að handleiðslu og takmörkun fjölda nemenda á hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa. Er þetta mikilvæg viðurkenning á sérstöðu starfstéttar okkar

Líklegt má telja að vinna við kröfugerð náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum fari á fullan snúning innan tíðar.

### **Félagsaðild að FNS**

Í vetur hefur gjaldkeri félagsins séð um að yfirfara félagatal FNS. Þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöld a.m.k. s.l. 2ja ára eru nú ekki lengur á félagaskrá FNS né heldur á póstlista. Þá hefur gjaldkeri unnið mikið verk við að koma greiðslu félagsgjalda á boðgreiðslur Visa og hefur töluvert áunnist í þeim efnum. Félagsmenn í FNS eru nú tæplega 200. Frá og með árinu 2004 verða félagsgjöld innheimt í upphafi árs fyrir komandi starfsár.

### **Meiri hluti félagsmanna FNS tilheyrir einnig aðildarfélögum KÍ**

#### *Félag grunnskólakennara*

Á þingi Kennarasambands Íslands í mars árið 2002 tók Guðrún Snorradóttir, námsráðgjafi í Lindaskóla, sæti í stjórn FG. Fundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði með stjórninni en heldur sjaldnar með samninganefnd en stjórnarmeðlimir eru sjálfkrafa í þeirri nefnd líka. Auk þessa eru einu sinni á ári ársfundur þau ár sem ekki eru KÍ-þing. Tvisvar á ári eru samráðsfundir þar sem formenn allra svæðafélaga á landinu hittast og bera saman bækur sínar. Helstu verkefni stjórnar og samninganefndar um þessar mundir er að undirbúa gerð næstu kjarasamninga og fyrsta skrefið er að útbúa rafræna könnun sem lögð verður fyrir í vor í öllum grunnskólum landsins þar sem kanna á hug félagsmanna til næstu samninga. Í framhaldi af stjórnasetu í FG hefur Guðrún tekið sæti í Ráðgjafarnefnd um þróunarsjóð grunnskóla sem er á vegum menntamálaráðuneytisins og í starfshópnum Náum áttum, sem starfar á vegum Áfengis- og vímuvarnarráðs. Það er hagur okkar í FNS að eiga sem flesta fulltrúa í ráðum og nefndum innan FG sem og í öðrum störfum sem snúa að skóla- og uppeldismálum. Raddir náms- og starfsráðgjafa skipta þar verulegu máli. Félagsmönnum FNS er velkomið að koma með ábendingar eða fyrirspurnir til Guðrúnar inn á netfang hennar. Stjórn FNS þakkar Guðrúnu kærlega fyrir mikið og gott starf innan stjórnar FG og í nefndastörfum hennar sem um leið undirstrikar mikilvægi fagstéttar okkar innan skólakerfisins.

#### *Skólamálanefnd FG*

Í skólamálanefnd Félags grunnskólakennara situr Lena M. Rist, námsráðgjafi í Borgaskóla. Skólamálanefnd er hluti af skólamálaráði K.Í. og er hlutverk hennar að fjalla um fagleg málefni og skólamál. Lena sat m.a. fund á vegum SAMFOK um "fræðslu um örugga netnotkun"

Skólamálanefnd er skipuð 7 mönnum og kosin á aðalfundi KÍ til tveggja ára. Færir stjórn Lenu bestu þakkir fyrir hennar störf.

#### *Skólamálanefnd FF*

Í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara situr Björg Kristjánsdóttir, námsráðgjafi í MH. Fundir eru haldnir á þriggja vikna fresti. Hlutverk skólamálanefndar er :

- að fjalla um fagleg málefni og skólamál
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Tvö stór mál voru í brennidepli hjá Menntamálaráðuneytinu á liðnu ári og eru það enn.

Fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa og stytting náms til stúdentsprófs.

Miklar umræður hafa verið um þessi mál hjá Félagi Framhaldsskólakennara.

Varðandi námsráðgjöfina höfum við í skólamálanefnd velt upp þeirri spurningu hvort stytting á námi til stúdentsprófs muni ekki kalla á frekari námsráðgjöf í framhaldsskólum.

#### *Sjúkrasjóður KÍ*

Toby Herman, náms- og starfsráðgjafi í MR, situr í stjórn sjúkrasjóðs KÍ og átti m.a. frumkvæði að því að fá samþykktan styrkmöguleika til félagsmanna vegna faghandleiðslu hjá viðurkenndum aðilum. Eru félagsmenn FNS í FG og FF hvattir eindregið til að nýta sér þennan nýja möguleika til handleiðslu. Toby hélt einmitt erindi um handleiðslu fyrir norræna ráðgjafa á ráðstefnunni *Methods for Lifelong Guidance* í Svíþjóð s.l. vor, sbr. skýrslu norræns fulltrúa FNS hér á eftir.

#### **Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa og breyting á reglugerð - fulltrúar**

Á aðalfundi FNS 20. apríl 2001 var samþykkt bréf frá FNS til menntamálaráðherra er fól í sér tvö erindi: 1. Breytingu á reglugerð nr.5/2001 og 2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa Svandís Ingimundar, form. FNS og Toby Herman, námsráðgjafi í MR, héldu áfram að fylgja eftir þessum erindum FNS s.l. starfsár. Í vetur komst skriður á reglugerðarmálið og skv. upplýsingum frá ráðuneyti menntamála var afgreiðsla þess handan við hornið. Í síðasta mánuði kom hins vegar babb í bátinn og lögfræðingur ráðuneytisins spyrnti við fótum af lítt skiljanlegum ástæðum. Beðið er formlegra skýringa. Hins vegar hefur menntamálaráðherra gefið grænt ljós að hefja viðræður um lögverndun en vill hengja þær á endurskoðun á lögverndunarlögum kennara sem okkur hugnast ekki mjög vel. Það mun kosta margra ára vinnu í viðbót. Enn er beðið fundar, sem óskað var eftir í janúarbyrjun, með nýjum menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þar sem málin verða reifuð og hefur ráðherra verið sent bréf til frekari upplýsingar fyrir væntanlegan fund.

#### **Samræmt skráningarkerfi – starfshópur**

Forritið Námsráðgjafinn, samræmt skráningarforrit fyrir viðtöl og önnur störf náms- og starfsráðgjafa, var kynnt félagsmönnum FNS í upphafi haustannar 2003. Það er nú komið í notkun í fjölda skóla á grunn- og framhaldsskólastigi og í einum háskóla a.m.k. Er það samdóma álit þeirra að það sé til mikilla bóta og vinnusparandi þegar kemur að úrvinnslu fyrir ársskýrslur o.fl. Starfshópurinn, sem vann við þróun þess og staðfærslu fyrir náms- og starfsráðgjöf, skipuðu þær Helga Valtýsdóttir, Víðistaðaskóla, Elín Einarsdóttir, Digranesskóla, Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, Rannveig Óladóttir, Skólaskrifstofu Seltjarnarness, Svandís Ingimundar THÍ og Toby Herman MR.

#### **Samstarf FNS og Samtaka iðnaðarins um Iðuna -starfshópur**

FNS og Samtök iðnaðarins (SI) gerðu með sér samkomulag um samstarfsverkefni um nám og störf á vefsetrinu idan.is og stuðning við náms og starfsráðgjöf í nóvember á s.l. ári. SI hafa átt gott samstarf við námsbraut í námsráðgjöf um þetta verkefni, sem FNS tekur nú við, enda afar gagnlegt tæki í náms- og starfsfræðslu og –ráðgjöf. Idan.is er gott hjálpartæki fyrir ungt fólk sem leitar ráðgjafar og upplýsinga varðandi náms- og starfsval. Að þessu leyti fara hagsmunir SI og FNS saman og er samstarfið þáttur í að efla náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. SI greiðir FNS styrk vegna starfsins við Iðuna og tóku sex félagsmenn að sér úrvinnsluna. Hafa þeir svarað rúmlega 80 fyrirspurnum um allt milli himins og jarðar, alveg frá spurningu um samræmdu prófin og yfir í námsleiðir til að verða geimfari. Sigríður Birna Bragadóttir sem heldur utan um starf hópsins. Almenn ánægja er með samstarfið við SI og vonandi verður framhald á þegar þessi samningur rennur út 31. október n.k.



## Styrkir til FNS

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 300.000 til námstefnunnar "Making a Bigger Difference" sem haldin var 12.-13. mars s.l.

Þá studdi Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf duglega við námstefnu FNS bæði með öflugu samstarfi og myndarlegu fjárstuðningi og Verkefna- og námsstyrkjasjóður Kennarasambands Íslands veitti FNS styrk að **upphæð kr. \_\_\_\_\_ til námstefnunnar.**

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytis, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir einum meðal mánaðarlaunum. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins, þ.e.a.s. að skila til ráðuneytisins skýrslu um störf félagsins og sinna umsögnum um styrkbeiðnir til námsefnisgerðar í lífsleikni. Umsóknir voru 3 að þessu sinni og tóku þau Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ og Guðmundur Páll Ásgeirsson í IR það verkefnið að sér. Helmingur styrkfjárhæðar menntamálaráðuneytisins er styrkur til formanns. Um frekari sundurliðun á nýtingu styrkja til FNS er vísað til ársreiknings félagsins frá gjaldkera.

Öllum þessum aðilum er styrktu þannig faglegt starf FNS er þakkaður góður stuðningur.

## Skýrsla Norðandeildar FNS

Í aprilmánuði 2003 komu starfandi náms- og starfsráðgjafar saman og ákváðu að stofna með sér formlegt samband. FNS á Norðurlandi var svo viðurkennd af stjórn FNS sem deild.

*Fundir.* Náms- og starfsráðgjafar á Norðurlandi hittust á Sauðárkróki 29. okt. s.l. Af 22 mættu 9 sem kallast gott því smá veðurhvellur skall á kvöldið áður og ekki var vel fært yfir Öxnadalshéiðina. Líney Árnadóttir forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra hélt fyrirlestur um starfsemi skrifstofunnar og sköpuðust miklar umræður um fólk í atvinnuleysi og þau úrræði sem eru til eða ættu að vera til. Þá kynnti Þorkell Þorsteinsson aðstoðarskólameistari, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Farið var um húsnæði FNV og verknámið kynnt sérstaklega. Síðan var haldið á skrifstofu Farskóla Norðurlands vestra - miðstöð símenntunar, þar sem Bryndís Þráinsdóttir framkvæmdastjóri kynnti starfsemina. Athygli vakti sá fjarfundarbúnaður sem skrifstofan býr yfir en enn er verið að þróa starfsemi hennar og fjarkennslu. Þá var haldið í Loðskinn ehf, Sútunarverksmiðju/Sjávarleður og starfsemin skoðuð. Að lokum var haldið að Geymslunni - menningarhúsi fyrir ungt fólk í Skagafirði á aldrinum 15-25 ára. Árdís Antonsdóttir forvarnarfulltrúi Skagafjarðar sagði okkur frá Samstarfsverkefni vegna forvarna í Skagafirði og starfseminni í Geymslunni.

### *Fræðslufundur*

5. desember: Fundurinn hófst kl. 13:00 í Menntaskólanum og aðalefni fundarins var erindi Arnars Þorsteinssonar um félagslega einangrun barna og unglinga og umræður þar á eftir. Fjórlegar umræður spunnust eftir erindið og sú spurning kom upp hvort ekki sé grundvöllur fyrir svipaðri starfssemi og ÍTR rekur fyrir sunnan.

Fjarfundir. Tveimur fundum var varpað norður á vegum FNS. Þann 10.nóv. fyrirlestri Elsu Þorkelsdóttur um persónuvernd og upplýsingaskyldu m.t.t. skráninga námsráðgjafa og 16. febrúar málstofu á vegum starfshóps FNS um siðareglur náms- og starfsráðgjafa. Heimsókn í VMA er á döfnni.

Stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með gróskumikið og fjölbreytt starf Norðandeildar og óskar henni alls velfarnaðar.

## Norræn samtök náms- og starfaráðgjafa- fulltrúi

Fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norrænna náms- og starfsráðgjafa NSNS er Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands. Guðrún Stefánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Menntaskólans á Ísafirði hefur starfað ötullega að þessum málum en dró sig í hlé á síðsta ári. Henni eru þokkuð vel unnin störf að samstarfsverkefnum við Norðurlönd.

Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfnni hverju sinni. Fulltrúum ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

### *Skýrsla fulltrúa*

Aðalfundur Norrænu samtaka náms og starfsráðgjafa var haldinn í Gautaborg þann 26.apríl 2003. Finnsla stjórnin var að hefja sitt annað starfsár af þremur. Á fundinum var farið yfir starfssemi

undangengis árs og rædd þau málefni er taka skyldi fyrir á komandi ári. Ákveðið var að halda Norræna ráðstefnu í Lillehammer í Noregi 8. – 11. september 2004 undir yfirskriftinni **OECD: Paris - Dublin - Lillehammer. Hva skjer med veiledningstjenesten i de nordiske land?** Ákveðið hefur verið að Einar Már Sigurðarson, námsráðgjafi og þingmaður, verði fulltrúi Íslands á ráðstefnunni en allar upplýsingar má finna á heimasíðu NFSY <http://www.nfsy.org/>. Á fundinum var einnig tekin ákvörðun um að halda alþjóðlega ráðstefnu í Danmörku 2006 og er undirbúningur að þeirri ráðstefnu þegar byrjaður. Á fundinum var talað um að ekki væri tímabært að halda áfram þeim áformum að NAEVG styddu baltnesku löndin í að koma á ráðgjöf í sínum heimalöndum. Þessi ákvörðun er tekin eftir að ljóst þykir að ekki er til fjármagn til verkefnisins og ljóst er að frumkvæði að samstarfi verður að koma frá baltnesku löndunum. Í lok fundar var tekin ákvörðun hittast á spjallrás MSN í ágúst, þessi ákvörðun var tekin í sparnaðarskyni. Næsti aðalfundur stjórnar verður haldinn 24. apríl næstkomandi í Hundested í Danmörku.

Í tengslum við aðalfundinn var ráðstefna hjá NFA á vegum NAEVG “Methods in Lifelong Guidance” þar sem Toby Herman flutti fyrirlestur um “Supervision in Counselling and Guidance”. Góður rómur var gerður að fyrirlestri Tobyar og málefnið þótti þarft. Á ráðstefnunni kom berlega í ljós að íslenskir ráðgjafar, innan skólakerfisins, hafa fleiri skyldur en námsráðgjafar á hinum Norðurlöndunum og er munurinn aðallega fölginn í því að þar er ekki tekið á persónulegum erfiðleikum ráðþega.

Fulltrúi stjórnar fór ásamt formanni félagsins, á eigin vegum, á alþjóðlega ráðstefnu International Association for Educational and Vocational Guidance IAEVG í Bern 3. – 6. september síðastliðinn.

Á ráðstefnunni sem innihélt marga áhugaverða fyrirlestra var haldinn fundur (óformlegur) stjórnarmeðlima Norræna námsráðgjafafélagsins NFSY. Á þeim fundi var lagt á ráðin með að styðja tvo Norræna fulltrúa þau Pétur Plant og Heli Piikkila sem fulltrúa okkar innan alþjóðasamtakanna. Pétur hlaut kosningu sem varaforseti og Heli sem varamaður í stjórn. Félagsmönnum FNS er bent á heimasíðu alþjóðasamtakanna <http://www.iaevg.org/English/html/> þar sem lesa má um málefni samtakanna og væntanlegar ráðstefnur. Næsta “stóra” alþjóða ráðstefnan verður á Spáni **15. – 17. september, 2004 í La Coruña**, og ber yfirskriftina Guidance, Career Development and Social Inclusion.

Fulltrúi stjórnar hefur á starfsárinu séð um að senda upplýsingar um ráðstefnur frá NAEVG og IAEVG til félagsmanna ásamt fréttabréfi á FNS ásamt því að gera stjórn FNS grein fyrir störfum sínum. *Anna Sigurðardóttir, Norrænn fulltrúi FNS.*

Anna Sigurðardóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa sem norrænn tengiliður FNS. Stjórn FNS er afar ánægð með að starfskrafta hennar nýtur við áfram. Nauðsynlegt er fyrir lítið félag eins og FNS að hafa gluggann út í heim vel opinn og aðgengi gott fyrir félagsmenn. Þetta hefur okkur tekist fyrir tilstilli m.a. þeirra Önnu og Guðrúnar og hefur FNS notið góðs af þeirra störfum. Þeim færum við bestu þakkir fyrir ótult og óeigingjarnt starf.

### **Spurningalisti - European Study into Quality Guidelines for Career Guidance - starfshópur**

Settur var á fót óformlegur starfshópur til að vinna svör við spurningalista (Meta-criteria Questionnaire) sem kom frá CEDEFOP. Í honum voru Fjöla María Lárusdóttir, Anna Sigurðardóttir, Þórdís Guðmundsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir. Efnið snýst um eftirfarandi:

“The Council (Education/Youth) Resolution on Enhanced Co-operation in Vocational Education and Training, sem sett var á laggirnar fyrir tveimur árum, gaf tilskipun um að unnið yrði að því að styrkja stefnu og stöðu ráðgjafar og upplýsingamiðlunar í Evrópu hvað varðar nám, þjálfun og störf. Sérstök áhersla skal lögð á að opna aðgang að námstækifærum, starfsnámi, starfsþjálfun og að færni sé gagnsæ og viðurkennd þannig að íbúar Evrópuríkja geti auðveldar fært sig á milli landsvæða.

The Guidance Council í Bretlandi, í samvinnu við the National Institute for Careers Education and Counseling (NICEC), hefur unnið úr skýrslum frá OECD, ETF og World Bank um náms- og starfsráðgjöf í Evrópusambandinu. Þessi vinna hefur leitt til þess að lögð eru til ákveðin viðmið í því skyni að auðvelda stefnumótunaraðilum og fleirum að skoða gæðakerfi í sínu landi.

Þetta verkefni fólst í því að starfshópurinn fór yfir þessi viðmið og svaraði þeim út frá aðstæðum hér á landi. Spurningalistinn hefur verið sendur til baka, þar sem verkefnahópurinn í Bretlandi kemur til með að vinna úr svörum þeirra landa sem taka þátt. Markmiðið er að þróa viðmið og verkfæri sem eru raunhæf og hagnýt hverju landi fyrir sig. Hópurinn hefur þegar skilað af sér. (sjá fylgiskjal 2)

Ljóst er að um viðamikil verkefni er að ræða, taka þarf mið af stefnumótun í hverju landi og afla umfangsmikilla upplýsinga svo safna megi saman sem áreiðanlegustum gögnum í ofangreindu skyni.

### **Fjárreiður og félagsgjöld**

Ársreikningur félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2003 er byggður á bókhaldi félagsins. Sú breyting hefur verið gerð á ársreikningnum frá fyrri árum að nú er í fyrsta skipti tekið annarsvegar tillit til félagsgjalda sem innheimt eru í upphafi árs 2004 en tilheyra félagsgjöldum 2003 og hinsvegar tekið tillit til kostnaðar sem tilheyrir árinu 2003 en er ekki greiddur fyrir en í upphafi árs 2004.

Rekstrarniðurstaða starfsársins 2003 var neikvæð um kr. 110.989, því hefur peningaleg staða félagsins versnað um sömu fjárhæð. Í árslok var peningaleg staða félagsins kr. 508.916, óinnheimt félagsgjöld 2003 kr. 46.776 og ógreiddir reikningar að fjárhæð kr. 114.500..

Í lok ársins 2003 höfðu 145 félagsmenn greitt félagsgjöld sín vegna ársins 2003, að auki hafa 27 greidd félagsgjöld 2003 á tímabilinu janúar-mars 2004 og teljast þetta því virkir félagsmenn. Samkvæmt ákvörðun aðalfundar á síðast ári voru félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld síðustu tvö ár verið felldir af félagaskrá félagsins, þar sem um óvirka félagsmenn er að ræða. Á síðasta ári voru því 29 félagsmenn felldir af félagatali, en nýskráðir félagsmenn voru 3 talsins. Ákveðið var að innheimta félagsgjöld 2004 í upphafi árs 2004 í stað lok árs eins og áður hefur verið gert, þannig að tekjur félagsins séu komin inn áður en gjöld þess eru greidd svo síður þurfi að ganga á sjóði félagsins.

Að áliti stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

### **Önnur verkefni**

#### **Síma- og viðtalstími FNS í Kennarahúsinu**

Stjórn og fræðslunefnd FNS ákvað að gera tilraun með að bjóða félagsmönnum FNS upp á fastan símatíma einu sinni í viku í Kennarahúsinu frá áramótum 2004 fram að aðalfundi. Heyrst höfðu raddir þess eðlis að KÍ ætti í erfiðleikum með að svara fyrirspurnum varðandi náms- og starfsráðgjafa og þætti gott að geta beint þeim til stjórnar félagsins. Eins var þetta liður í því að gera FNS sýnilegra innan KÍ. Niðurstaða þessarar tilraunar sýnir ekki mikla þörf fyrir slíkan símatíma enda aðgengi að stjórn og fræðslunefnd að öllu jöfnu mjög gott á forni tölvupósts, t.d. Hins vegar teljum við engan vafa leika á að með þessu fyrirkomulagi eykst sýnileiki okkar og samstarf við KÍ. Þar fyrir utan á FNS sitt heimilisfang í Kennarahúsinu og þangað berst póstur félagsins. Það verður í höndum nýrrar stjórnar að taka ákvörðun um framhaldið.

#### **Málefni lesblindra**

Þingsályktunartillaga um greiningu á lestrarvanda barst FNS til umsagnar en náði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Í upphafi þessa árs hafði formaður FNS samband við flutningsmenn með tölvupósti til að forvitnast um frekari framgang tillögunnar og fékk svar frá einum þeirra, Þuríði Backman. Tillagan hefur ekki verið lögð fram þegar þetta er skrifað né umsögn FNS verið send.

#### **Erindi að norðan og bréf til skólastjórnenda**

Staða náms- og starfsráðgjafa innan skólakerfisins hefur verið til umræðu innan stjórnar FNS s.l. starfsár. Bréf barst frá námsráðgjöfum á grunnskólastigi á Akureyri þar sem þeim fannst

skólanefnd vege að starfsréttindum þeirra með ákvörðun um að gera aðeins “að jafnaði” kröfu til sérstakrar menntunar til starfans. Var um breytingu að ræða frá fyrri starfslýsingu þeirra, sem skólanefnd hafði áður samþykkt. Bréf fór frá stjórn FNS til skólanefndar á Akureyri (fylgiskjal 3) þar sem skólanefnd var hvött til að halda sig við upphaflegu lýsinguna. Voru námsráðgjafar boðaðir til nýs fundar með skólanefnd í kjölfarið. Þá var tekin sú ákvörðun í stjórn að rita bréf til allra skólastjórnenda á grunn- og framhaldsskólastigi (fylgiskjal 4) þar sem ítrekað er mikilvægi þess að nemendur hafi aðgang að sérmenntunum náms- og starfsráðgjafa í skóla sínum og skólastjórnendur hvattir til að ráða ekki aðra í þá stöður.

### **Lokaorð**

Síðasta starfsár var bæði fjölbreytt og krefjandi eins og ársskýrslan ber með sér, og því allt eins og vera ber. Hver stórviðburðurinn rak annan á upphafsmánuðum nýs árs. Nýr doktor í náms- og starfsráðgjafarfræðum, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, varði doktorsritgerð sína í byrjun febrúar. Stuttu síðar kom formleg tilkynning um það að í haust hæfist síðari hluti náms til mastersgráðu í náms- og starfsráðgjöf lengi hefur verið beðið. Þá voru fyrstu fjarnemar í náms- og starfsráðgjöf útskrifaðir 28. febrúar s.l. og um miðjan mars hélt FNS og Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf öflugna námstefnu. Námstefna FNS var einstaklega öflug í ár og fyrirlesari okkar frá Kanada, Lynne Bezanson, hreif alla þátttakendur með sér. Allt vitnar þetta um þá miklu grósku sem í fagstétt okkar er að finna og vex jafnt og þétt. Nú er eitt mikilvægasta verkefni okkar framundan að skerpa faglega ímynd okkar og mikilvægi starfa okkar meðal stjórnvalda og almennings og halda áfram áfram af þeirri fagmennsku sem okkur einum er lagið. Framtíðin er björt og spennandi og okkar bíða margvísleg og fjölbreytt verkefni. Okkur er líka afar mikilvægt að taka markvisst þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi. Það samstarf skilar okkur nýjum og mikilvægum viddum inn í uppbygginu fagstéttarinnar hér heima auk þess sem við miðlum kollegum okkar erlendis af okkar störfum og áherslum.

Eins og fram hefur komið í skýrslunni hafa margir félagsmenn utan stjórnar- og fræðslunefndar, lagt hönd á plóg í starfsemi félagsins og brugðist einstaklega vel við beiðni stjórnar um að taka að sér verkefni þar sem sérfræðiálits og þátttöku náms- og starfsráðgjafa er þörf. Þeim beiðnum fer fjölgandi og okkar litla félag statar af háu hlutfalli virkra og afkastamikilla félagsmanna. Öllum þeim aðilum þakka ég sérstaklega fyrir mikið og óeingjarnt starf og þann dýrmæta tíma sem þeir lögðu af mörkum í þágu félagsmanna.

Eftir þriggja ára starf sem formaður FNS er löngu tímabært að afhenda nýjum aðila það embætti. Ég vil þakka ykkur félagsmenn, fyrir þann stuðning og það traust sem þið hafið sýnt mér í þessu starfi að ég tali nú ekki um gott samstarf. Að lokum þakka ég öllu því kröftuga fólki sem unnið hefur með mér í stjórn og fræðslunefnd félagsins þessi ár fyrir afar ánægjulegt og gefandi samstarf. Nýrri stjórn og fræðslunefnd óska ég alls hins besta og velfarnaðar í störfum sínum.

Reykjavík 30. mars 2004

---

Svandís Ingimundardóttir,  
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.